

BRÁÐABIRGÐALÖG

44

30. apríl

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð oss, að frá því byrjað var að nota veiðarfæri það, sem nefnt hefur verið „flotvarpa“, hafi verið til athugunar í atvinnumálaráðuneytinu og dómsmálaráðuneytinu, hvort ákvæði laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, náði til þessa veiðarfæris. Hafi ekki þótt tvímælaust að svo sé, en hins vegar telji sérfróðir menn, að notkun þess geti verið skaðleg fiskistofninum á svipaðan hátt og botnvarpan, og beri því brýna nauðsyn til að kveða skýrt á um að fyrirmæli laga nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, nái einnig til þessa veiðarfæris, þó þannig að ráðherra skuli heimilt að leyfa síldveiðar í landhelgi með flotvörpu, og fella þá jafnframt úr gildi lög nr. 34/1937, þar sem ríkisstjórninni er heimilað að veita leyfi til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. gr. laga nr. 5 18. maí 1920 orðist svo:

Í landhelgi við Ísland á friðunarsvæði því, sem ákveðið er í reglugerð nr. 21 19. marz 1952, skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu.

Heimilt er ráðherra að veita vélbátum undanþágu frá hanni þessu, til að stunda kampalampaveiðar og leturhumarveiðar á tilteknum svæðum með venjulegri kampalampavörpu og leturhumarvörpu.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ráðherra heimilt, að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands, að veita leyfi til síldveiða í landhelgi með flotvörpu. Leyfi þetta skal bundið því skilyrði, að hlutaðeigandi veiðiskip sé eingöngu gert út til síldveiða. Auk þess getur ráðherra bundið leyfið þeim öðrum skilyrðum, er hann telur nauðsynleg, þar á meðal að allur afli annar en síld sé upptækur til ríkissjóðs.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56 23. júní 1936, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, og lög nr. 34 13. júní 1937, um heimild fyrir ríkisstjórnina til síldveiða með botnvörpu á fjörðum inni.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Jón Ásbjörnsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.